

Nefndasvið Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík
b.t. nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 13. nóvember 2023

Efni: Umsögn Arkitektafélags Íslands um mál 50 á 154. löggjafarþingi, frumvarp um brottfall laga um heiðurslaun listamanna, nr. 66/2012.

Arkitektafélag Íslands vekur athygli á því að ógagnsætt ferli heiðurslauna er dómur um ferlið sjálft en ekki heiðurslaunin. Það er því nærtækast að endurskoða ferlið og gera það faglegt og gagnsætt en láta ekki heiðurslaunin og listamennina líða fyrir ófagleg vinnubrögð. Ein hugmynd er að miðstöðvar lista og hönnunar tilnefni heiðursverðlaunahafa ár hvert sem kandidat til að hljóta heiðursverðlaunin. Miðstöðvarnar eru Miðstöð hönnunar og arkitektúrs, Tónlistarmiðstöð, Miðstöð íslenskra bókmennta, Kvikmyndamiðstöð, Myndlistarmiðstöð og Sviðslistamiðstöð. Margar þessara miðstöðva tilnefna nú þegar einn heiðursverðlaunahafa ár hvert, aðila sem hefur skarað fram úr á sínu sviði og skapað mælanlegan og ómælanlegan ávinning fyrir samfélagið og íslenska menningu.

Það er full ástæða og í raun mikilvægt fyrir okkar litla land að veita þeim framúrskarandi listamönnum og hönnuðum sem komnir eru á eftirlaunaaldur, sem hafa á óeigingjarnan hátt glætt íslenskt samfélag og verið mikilvægur samfélagslegur spegill smáþjóðar, heiðurslaun og heiðra þannig vinnu þeirra og verk.

Arkitektafélag Íslands hvetur einnig löggjafa landsins að endurskoða nafn laganna og bæta við orðinu hönnuður og arkitekt, þannig að lögin heiti: Lög um heiðurslaun listamanna, hönnuða og arkitekta.

Arkitektafélag Íslands mælir gegn því að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Gerður Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri Arkitektafélag Íslands